

**Sp. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]**  
um að hætta þátttöku í starfsemi Fiskifélags Íslands.

Flm.: Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að annast framkvæmd þeirra aðgerða, sem nauðsynlegar eru, til að hætta megi þátttöku í starfsemi Fiskifélags Íslands.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi byggist á þeirri skoðun Bandalags jafnaðarmanna að leggja beri niður þá starfsemi á vegum ríkisins sem í ljósi breyttra atvinnuhátta, tækni og annarra aðstæðna er hægt að sinna með hagkvæmari hætti.